

Langanesbyggð
Langanesvegur 2
680 Þórshöfn

Reykjavík, 21.10.2022
UST202202-326/G.S.O.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 12. október 2022 þar sem fram kom að þrjú eldri frávik hefðu verið útistandandi þegar eftirlit fór fram á urðunarstað Langanesbyggðar á Bakkafirði. Þann 21. október barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikin eru eftirfarandi:

- 1. Gr. 4.1 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun. Skráningar vegna t.l. 6-11 í gr. 4.1 voru ekki tiltækar við eftirlit. **Samkvæmt úrbótaáætlun eru gögnin nú til staðar og mun Langanesbyggð framvegis standast skil fyrir 1. maí ár hvert.**
- 2. Gr. 4.4 í starfsleyfi.** Rekstraraðili skal skila niðurstöðum skráninga sbr. gr. 4.1 fyrir 1. maí ár hvert. Skráningum hefur ekki verið skilað. **Gögnunum hefur nú verið skilað og mun Langanesbyggð framvegis skila gögnunum inn fyrir 1. maí ár hvert.**
- 3. Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Á urðunarstaðnum er heimilt að taka á móti og urða úrgang. Nokkuð var um úrgang í geymslu á urðunarstaðnum, en ekki er heimild í starfsleyfinu fyrir geymslu úrgangs. **Samkvæmt úrbótaáætlun hefur umsjónaraðila verið tilkynnt um að hann verði að fjarlægja fiskikör með rusli og gám ásamt stálgrindarborgum af urðunarsvæðinu sem allra fyrst.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Kristín Kröyer
sérfræðingur

Gunnhildur Sif Oddsdóttir
lögfræðingur